



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2018

## ENSK2OR05 Orðaforði og ritun

<b>Kennarar:</b>	<b>Helgi Þorvaldsson, Paola Ýr Daziani,</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>HP / PD</b>
------------------	---	---------------	----------------

### Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

**Undanfari:** ENSK2OL05

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

### Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

### Námsefni:

**New Writing Exercises Spring 2018**  
**Academic Word List - Chapter 11 - 14 ENSK2OR05**

Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

Ennfremur er mælt með Longman online dictionary <https://www.ldoceonline.com/>

fjölrit á skrifstöfu FSU

fjölrit á skrifstöfu FSU

**Kjörbók:** Nemendur velja sér **eina** bók af eftirfarandi titlum:

**Forget You Had A Daughter** Sandra Gregory

**Land of the Living** Nicci French

**Out Of My Depth** Emily Barr

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Nemendur lesa **kjörbók** og taka fjögur próf úr henni í tímum.

Í **New Writing Exercises** verða nemendur hjálfaðir í **ritun efnisgreina og í notkun samtenginga** (connectives). Á önninni vinna nemendur ýmis verkefni bæði í munnlegu og skriflegu formi.

Unnið verður að bættum orðaforða með vinnu við orðstofna og orðmyndun. Báðum verkefnaheftunum (New Writing Exercises og AWL) skal skilað. Nánari vinnuþáttur er að finna í Innu.

**Sérreglur áfangans:**

**Skilaskylda er á öllum verkefnum.** Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar (undantekningar eru prófin úr kjörbókinni og munnlega prófið. Þau verða tekin eftir ákvörðun kennara). Eldri nemendur eru einnig bundnir af þessum ákvæðum. Inna er notað sem upplýsingabanki og til verkefnaskila að einhverju leyti. Nemendur fæddir 1998 eða fyrr skulu undirrita námssamning við kennara. **Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.**

**Fyrirkomulag námsmats:**

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kjörbók	Fjögur próf	15%
Ritun Efnisgreinar	Þrjár efnisgreinar	25%
Samtengingar	Eitt próf	10%
Munnlegt verkefni	Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur	15%
Orðaforði AWL	Fjögur próf	25%
Lesskilningur	Tvö verkefni	10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi, 16. ágúst 2018

Helgi Þorvaldsson, Paola Ýr Daziani

